



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETAHJÓN Í KRÝNINGARAFMÆLI DANADROTTNINGAR

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú halda í dag til Kaupmannahafnar og taka þar þátt í hátíðahöldum í tilefni 50 ára krýningarafmælis Margrétar II. Danadrottningar. Margrét var krýnd drottning þann 14. janúar 1972 eftir andlát föður hennar, Friðriks XI. Danakonungs. Af sóttvarnarástæðum var hátíðahöldum í janúar frestað til haustsins og vegna andláts Elísabetar II. Bretadrottningar hefur danska konungshöllin nú tilkynnt að viðburðurinn verði með lágstemmdari hætti en til stóð.

Hátíðardagskráin hefst með sýningu í Konunglega danska leikhúsini í Kaupmannahöfn á laugardagskvöld. Að morgni sunnudags verður haldið til messu í Frúarkirkju en að henni lokinni snæða þjóðhöfðingjar Norðurlandanna hádegisverð ásamt konungsfjölskyldunni um borð í hinni konunglegu snekkju Dannebrog. Hátíðardagskránni lýkur með kvöldverði í Friðriksborgarhöll á sunnudag.

Mánudaginn 12. september verður riddaraskjöldur forseta Íslands afhjúpaður í Riddarakapellunni í Friðriksborgarhöll að viðstöddum forsetahjónum, sendiherra Íslands í Danmörku og fulltrúum dönsku hirðarinnar. Slíkir skildir eru gerðir til heiðurs þeim sem hljóta fílaorðuna, æðsta heiðursmerki danska ríkisins. Forseti var sæmdur orðunni árið 2017. Skildir forseta Íslands frá Ásgeiri Ásgeirssyni að telja eru í Riddarakapellunni og má sjá myndir af þeim í Bessastaðastofu.

Síðdegis á mánudag flytur forseti fyrirlestur við Kaupmannahafnarháskóla um stöðu smáríkja á alþjóðavettvangi og

sameiginlegu sögu Íslendinga og Dana í aldanna rás. Forsetahjón fljúga aftur til Íslands á mánudagskvöld.

*10. september 2022*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).*